

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 22. janúar 2008 í máli nr. S-53/2008:

### Ákærvaldið

(*Sævar Lýðsson fulltrúi*)

**gegn**

**John Joseph Murphy fd. 24.01. 1971**

Málið þetta er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum, útgefinni í dag, á hendur ákærða, John Joseph Murphy, breskum ríkisborgara, 000000 0000 Burley Road, Anfield, Liverpool, Englandi

„fyrir fjársvik, með því að hafa á tímabilinu 16. september 2005 til 13. janúar 2008 svikið út í 13 skipti farmiða að andvirði alls kr. 1.447.060,- hjá flugfélaginu Icelandair ehf., Reykjavíkflugvelli, með því að láta skuldfæra heimildarlaust andvirði farmiðanna rafrænt á heimasíðu þess á veraldarvefnum á greiðslukortareikninga annars fólks, en ákærði hafði komist yfir nöfn þess og númer reikninga af greiðslukvittunum, og flaug ákærði með flugfélaginu hverja flugleið fyrir þá fjárhæð sem tilgreind er:

Tími fjársvika	Flugleið	Fjárhæð í erlendri mynt	Krónur
16. sept. 2005	London-Keflavík- London	GBP 1143,20	140.000
20. sept. 2005	London-Keflavík- London	GBP 716	88.100
6. des. 2005	London-Keflavík- London	GBP 618,80	76.000

9. ágúst 2006	Breyting á farmiða	DKK 1000	12.500
9. ágúst 2006	Kef-Kaupm.höfn- Bergen-Keflavík	USD 1814,84	114.000
4. sept. 2006	London-Keflavík- London	GBP 532,50	65.800
25. sept. 2006	Manchester-Keflavík- Manchester		97.560
3. des. 2006	Arlanda-Keflavík- Manchester		156.300
3. des. 2006	Kaupmannahöfn-Bergen		75.140
18. des. 2006	Glasgow-London- Keflavík-London-Glasgow		183.460
26. okt. 2007	Keflavík- Manchester	USD 1839	115.500
9. nóv. 2007	Arlanda-Keflavík-	GBP 612,90	75.400

Manchester

19. nóv. 2007 Manchester-London- GBP 1406,10 172.900

Keflavík-Manchester

13. jan. 2008 Keflavík- GBP 577,40 74.400

Manchester

Samtals kr. 1.447.060,-.

Telst þetta varða við 248. gr. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.”

Icelandair ehf. krefst þess að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta kr. 1.947.060,- sem skiptist í kr. 1.447.060 vegna ógreiddra farseðla og kr. 500.000 í kostnað vegna fjársvikanna.

Mál þetta er dæmt samkvæmt heimildarákvæði 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en með skýlausri játningu ákærða, sem samrýmist öðrum gögnum málsins, telst sannað að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega færð til refsíákvæða.

Ákærði á ekki að baki neinn sakaferil.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi. En frá refsingunni dregst gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 16. janúar sl. til dagsins í dag.

Ákærði hefur samþykkt greiðslu skaðabóta til Icelandair að fjárhæð 1.447.060 og verður hann dæmdur til greiðslu þeirra. Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað sem nemur málsvarnarlaunum skipaðs verjanda hans, Lárentsínusar Kristjánssonar hrl., 248.500 krónur auk ferðakostnaðar 13.600 krónur eða alls 261.100 krónur.

Sævar Lýðsson ftr. lögreglustjóra á Suðurnesjum fór með saksókn í málinu.

Dómari er Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari.

## **DÓMSORÐ**

Ákærði, John Joseph Murphy, sæti fangelsi í 6 mánuði. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 16. janúar sl. til dagsins í dag.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Lárentsínusar Kristjánssonar hrl., 248.500 krónur auk ferðakostnaðar, 13.600 krónur eða alls 261.100 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Ákærði greiði Icelandair 1.447.060 krónur í skaðabætur.

Sveinn Sigurkarlsson

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 22. janúar 2008.